

Skógarvörðurinn á Norðurlandi:

S T A R F S S K Ý R S L A F Y R I R Á R I Ð 1 9 3 8 .

Páll Guttormsson.

# Starfsskýrsla skógarvarðarins á Norðurlandi fyrir árið 1938.

---

## Skógarhögg:

---

Um skógarhögg og viðarsölu vísast til yfirlitsskýrslunnar að mestu. Selt var 220 girðingarstaurar, 1780 fet efniviður og 57.6 tonn af eldivið. Þar af var selt í Fnjóskadal 25.6 tonn, til Akureyrar 12 tonn og til R.vík. 20 tonn af viði. Af viðnum voru 25 tonn niðursagað og 14 tonn bundið í byrgðar.

Allur viðurinn var seldur afkvistaður.

Um áramót er enginn viður fyrirliggjandi í skóginum

## Kolagerð:

Um kolagerð vísast til dagbókar ofnsins og yfirlitsskýrslunnar. Þó skal hér tekið fram að brennt var 24 ofnum og vigtuðu kolin alls 4600 kg. Um helmungur fór á bilinn. Til brenslunnar mun hafa þurft af viði um 35 tonn. Sumt af viðnum var höggvið niður með öxi, en sumt vélsagað og var notað í ofninn smæðsti viðurinn af því sem sagð var.

## Græðireitur:

---

Afhent var úr reitnum:

Birki	1911 stk.
Víðir	155 -
Ýmsar pl.	26 -
Alls	<u>2092 -</u>

Dreiplantað var:

Birki úr skóginum	2808 stk.
Birki - græðir.	2128 -
Reynir	1450 -
Alls	<u>6386 stk.</u>

Sumarið 1937 hafði verið plægt stykki sem verið hafði í órækt og var nú herfað og borinn í það húsdýraáburður. Sáð og priklað var í hluta af því stykki og sett niður talsvert af rifs og víði stíklíngum. Fyrir sunnan reitinn var hreinsaður skurður sem var að fyllast.

Sáð var 3 kg. af birkifræi úr Bæjarstaðarskógi og 2 kg. af reynifræi frá Múlakoti í Fljótshlíð.

Víðistíklíngar voru sendir til Reykjavíkur 14400 að tölu.

## Girðingar:

---

Girt var fyrir kýrnar á Vöglum í suðustúrhorni skógargirðingarinnar. Notaðir voru staurar úr skóginum og gaddavír úr gömlu girðingunni (skógarg.).

Lokið var við ný-uppgirta hluta skógargirðingarinnar, en eftir var að tengja saman vírin og vírnetið.

S k ó g a r b í l l i n n : ( viðarkolabíllinn )  
-----

Var geymdur yfir vaturinn á Vöglum. Hannflutti til Akureyrar við, þann sem þar var seldur og einnig það sem sent var til R.vík. Þá var einnig ekið við á honum um nágrenið. Einnig var sótt á honum tjald vestur í Skagafjörð og fleira.

Ý m i s l e g t :  
-----

Skógræktarfélag Eyfirðinga fékk að taka talsvert af smáum hnausplöntum í skóginum.

Maður var ekki mikill, mikið minni en sumarið áður, en fræ var ekkert.

Leyft var að halda þrjár samkomur í skóginum, einnig var fólki leyft að tjalda.

Auglýsingar þær sem settar voru upp í skóginum 1937, höfðu áreiðanlega þau áhrif að fólk hagaði sér betur í skóginum.

Vöglum 31/12 1938.

Páll Guttormsson,

- skógarvörður -